

Fundargerð 7. fundar ferðamálaráðs - 10. nóvember 2010

Fundurinn var haldinn í iðnaðarráðuneytinu kl. 12.

Mættir: Ragnheiður Hergeirsdóttir, Anna G. Sverrisdóttir, Helgi Már Björgvinsson, Jón Ásbergsson, Sævar Skaptason og Helga Haraldsdóttir áheyrnarfulltrúi.

Erna Hauksdóttir framkvæmdastjóri SAF og Guðrún Þorleifsdóttir, lögfræðingur í iðnaðarráðuneyti sátu einnig fundinn.

Forföll: Svanhildur Konráðsdóttir, Dofri Hermannsson, Aldís Hafsteinsdóttir, Ásbjörn Jónsson og Unnur Halldórsdóttir boðuðu forföll ásamt Ólöfu Ý. Atladóttur áheyrnarfulltrúa.

Ragnheiður Hergeirsdóttir varaformaður stýrði fundinum.

Efni fundarins voru drög að frumvarpi um Framkvæmdasjóð ferðaþjónustunnar sem send voru ferðamálaráðsfulltrúum fimmtudaginn 4. nóv. s.l.

Ráðsmenn lýstu óánægju sinni með að hafa ekki fengið að sjá frumvarpsdrög fjármálaráðherra um sjálfa gjaldtökuna sem er grunnurinn að því frv. sem var til umræðu á þessum fundi.

Þá var spurt eftir því hvort erlendar fyrirmyndir liggja að baki gjaldtökunni, hvort þarfagreining liggja fyrir og hvort „vísitala“ meðalferðamannsins hingað til lands hefði verið reiknuð ú; þ.e. hve reikna mætti með miklum kostnaðarauka pr. farþega ef af gjaldtökunni verður. Upplýst var að ekkert í Evrópulöggjöf segði neitt um hvernig að gjaldtöku skyldi staðið og hún væri mjög mismunandi á milli svæða; gistináttagjald, aðgangseyrir osfrv. Þarfagreining sem Ferðamálastofa gerði í samráði við ýmsa hagsmunaaðila hefur verið notuð sem mælistika á þörfina fyrir úrbætur á ferðamannastöðum. Vísitalan hefur ekki verið unnin.

AGSv. gerði beinar aths. við frv. um Framkvæmdasjóð ferðaþjónustunnar. Taldi að tiltaka þyrfti aðgengi sérstaklega og eins að aðkoma að framkvæmdum á landi í einkaeign yrði skýrð frekar. Þá gerðu hún og fleiri athugasemdir við nafn sjóðsins; töldu að t.d. *viðhaldssjóður* lýsti betur verksviði hans og kæmi í veg fyrir misskilning um að þetta væri sjóður sem ferðaþjónustan sjálf gæti sótt í. Eins var velt vöngum yfir því hvort gjaldið skyldi renna beint í sjóðinn en ekki fyrst í Ríkissjóð. GP útskýrði þær verklagsreglur sem teknar hafa verið upp varðandi gjöld af þessu tagi.

Eftir töluverðar umræður samþykkti ferðamálaráð að ítreka ályktun sína til iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra frá 20. okt. s.l.* ásamt því að hnykkja á nauðsyn á meira samráði um bæði frumvörpin, einnig að það sé algjörlega óviðunandi að tekjur af umhverfisgjöldum renni ekki óskiptar í Framkvæmdasjóðinn auk þess sem gildistaka fyrir 1. september 2011 komi ekki til greina.

Samþykkt að ítrekun á ályktuninni yrði send ráðherrunum þegar eftir fundinn þar sem tíminn fram að framlagningu frumvarpanna væri afar naumur.

Fleira var ekki gert og varaformaður sleit fundi kl. 12:55.

* Til iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra

Ferðamálaráð telur afar mikilvægt að allar tekjur af fyrirhuguðu umhverfisgjaldi á ferðaþjónustu renni óskertar til Framkvæmdasjóðs ferðaþjónustunnar svo stuðla megi að kraftmikilli uppbyggingu, viðhaldi og verndun ferðamannastaða um land allt. Mörg og brýn verkefni brenna á stjórnvöldum og greininni í þessu efni því viðhald og uppbygging undangenginna ára hefur verið af allt of skorum skammti miðað við vöxt ferðaþjónustu og mikilvægi hennar í íslensku efnahagslífi. Tilkoma öflugs Framkvæmdasjóðs ferðaþjónustunnar er því lykilatriði ef takast á að vernda náttúru landsins og byggja upp íslenska ferðaþjónustu til framtíðar.

Af þessum sökum hefur ferðamálaráð af því þungar áhyggjur ef upp er kominn ágreiningur um færar leiðir til fjármögnunar. Er hér annars vegar vísað til þess mats sem birtist í tillögum nefndar um umhverfisgjöld tengd ferðaþjónustu frá 17. mars sl. - þar sem mælt er með gistináttagjaldi – og hins vegar framkomnum sjónarmiðum fjölmargra aðildarfélaga Samtaka ferðaþjónustunnar, sem virðast hafna þeirri leið alfarið.

Mjög brýnt er að sem fyrst verði höggvið á þann hnút sem tefur stofnun Framkvæmdasjóðs ferðaþjónustunnar og fundin einföld leið sem leiðir til nauðsynlegrar fjármögnunar sjóðinn.

Ferðamálaráð leggur á það ríka áherslu að sú leið felist í fyrsta lagi í útfærslu á hóflegu grunngjaldi, sem leggst jafnt á alla og í annan stað í samsetningu af mismunandi leiðum til innheimtu á gjöldum fyrir aðgengi og staðbundna þjónustu. Í þessu sambandi er hægt að líta til reynslu annarra þjóða s.s. af útgáfu náttúrupassa, gjaldtöku í þjóðgörðum og við einstaka fjölsóttu ferðamannastaði.

Jafnframt er þeim tilmælum beint til ráðherra að sú gjaldheimta sem ákveðin verður komi ekki til framkvæmda fyrr en 1. september 2011 þar sem gjaldskrár fyrir næsta sumar liggja nú þegar fyrir og því óhægt um vik að bæta gjaldinu við fyrir þann tíma án þess að fyrirtækin sjálf þyrftu að fjármagna það af sinni takmörkuðu framlegð.

20. október 2010

f.h. ferðamálaráðs,

Svanhildur Konráðsdóttir, formaður